



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	7. fundur stjórnar KLÍ 2014-2015
Staðsetning:	Skrifstofa KLÍ
Hvenær:	Fimmtudaginn 12. febrúar 2015 kl 17:30
Þátttakendur:	Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) ÍR Formaður Jón Grímsson (JG) ÍR Gjaldkeri Jóhann Ágúst Jóhannsson (JÁJ) ÍR Ritari Guðmundur Jóhann Kristófersson (GJK) ÍR 2. varamaður Karenina Kristín Chiodo (KKC) ÍFH 3. varamaður
Boðuð forföll:	Theódóra Ólafsdóttir (TÓ) KFR Meðstjórnandi Höskuldur Þór Höskuldsson (HÞH) KR Varaformaður
Fjarverandi:	
Fundarritari:	JÁJ

Dagskrá fundar

Fundargerð	1
Staðfesting á fundargerð síðasta fundar	1
Frestun á leik KFR-Valkyrja og ÍR-Buff	1
Ósk formanns KFR um formannafund	2
Þing KLÍ og ÍSÍ.....	2
Önnur mál.....	2
Staðan á keilusölunum	2
Fundur með menntamálaráðherra	3

Fundargerð

Staðfesting á fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 6. stjórnarfundar staðfest.

Frestun á leik KFR-Valkyrja og ÍR-Buff

ÞMP fer yfir málsvexti af frestunarmálinu. Liðin áttu að eiga leik 21. janúar og er send inn beiðni af fyrirliða ÍR – Buff um 15. janúar um frestun með ástæðu að leikmaður ÍR – Buff slasaðist. 2 fulltrúar í mótanefnd samþykkja frestun en 1 er á móti. Leikurinn er svo settur á 11. febrúar. Tekið er fram frestun þar sem KFR – Stormsveit óskar eftir frestun á viðureign við KR – A með samskonar ástæðum og afgreiðir mótanefnd það án mótatkvæðis. Ósamræmi er því í ákvörðunum aðila innan nefndarinnar.

Fengið var lögfræðialit á gjörningum mótanefndar. Skv. því álitu mat mótanefnd það svo að fyrri ákvörðun hennar stæði. Var send út tilkynning um það 26. janúar af formanni mótanefndar til fyrirliða liðanna þar sem ítrekað var að ákvörðun um veitingu frestunar stæði. Var bent á áfrýjunarleið í málinu. Ekki var áfrýjað í því máli.

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

7. febrúar berst stjórn Keilusambandsins tölvupóstur frá formanni KFR þar sem gerð er krafa um að ÍR – Buff standi straum af kostnaði við að koma leikmanni KFR – Valkyrja til landsins þar sem sá leikmaður var á landinu þegar umræddur leikur átti að fara fram. Vitnað er til 8. gr. Reglugerðar um Bikarkeppni liða. Umræður um það. Almennt talað um að lið verði að sjá um að koma sér sjálf á leikstað og ekki er hægt að ætlast til að andstæðingur greiði ferðakostnað þótt um frestun sé að ræða. Lið geta ekki borið ábyrgð á því hvar andstæðingar þeirra búa og þ.a.l. kostnað þeirra við ferðir til og frá keppnisstað.

Umræður urðu um álit lögfræðings og frestanir yfir höfuð. Fram kom hjá öllum að það að fá frestun sé of auðvelt og ekki alveg í samræmi við aðrar íþróttagreinar sem við viljum miða okkur við. Þörf er á að skerpa vel á framkvæmd og eftir atvikum reglum um frestanir. Taka á málið upp með mótanefnd og eftir atvikum skoða hvort breyta þurfi reglugerð.

JÁJ setur upp svarbréf til formanns KFR.

Ósk formanns KFR um formannafund

Erindi barst frá formanni KFR um að boðað yrði til formannafundar. Efni sem formaður KFR lagði til að rætt yrði um er:

Starfshættir mótanefndar

Starfshættir stjórnar KLÍ

Sú staða sem komin er upp vegna lokunar Öskjuhlíðar

ÞMP fer yfir erindi formanns KFR. Sjálfsagt er að verða við ósk um fund hafi aðilar áhuga á því. Eðlilegt væri að hafa samband við alla formenn til að athuga hvenær hægt sé að funda og þá um leið hvort óskað sé eftir öðrum málum til umræðu. ÞMP leggur til að boða til fundar fimmtudaginn 26. febrúar og ætlar því að hafa samband við formenn. Málið er rætt af stjórnarmönnum og síðan samþykkt samhljóða. Æskilegast er að stjórn KLÍ mæti á formannafund svo allir séu upplýstir frá fyrstu hendi.

Þing KLÍ og ÍSÍ

ÞMP er ekki búinn að senda út fyrra þingboð þar sem staðfesting hefur ekki komið frá KR sem á að halda fundinn. HPH ætlar að láta vita á morgun hvort allt gangi eftir þ.e. með aðstöðu og annað en stefnt er að því að halda fundinn þriðjudaginn 5. maí n.k.

Hugsa þarf um starfsmenn þingsins og framboð.

Kjóra þarf í einn stjórnarmann í eitt ár í stað Viktors sem hætti. JÁJ tók hans sæti sem 1. varamaður. Kjóra þarf tvo til tveggja ára í stað JG og TÓ sem eiga að falla út. ÞMP og HPH halda áfram næsta ár. Einnig þarf að kjósa þrjá varamenn til eins árs.

ÞMP sendi út póst þar sem fram kom að KLÍ á tvo fulltrúa á þing ÍSÍ. ÞMP og GJK fara fyrir hönd KLÍ.

Önnur mál

Staðan á keilusölunum

ÞMP fer yfir stöðuna. N.k. laugardag verður Elítumót í Öskjuhlíð. Samhlið því er 30 ára afmæli keilu á Íslandi.

Fram kemur að KLÍ fær að halda öllu sínu mótahaldi í Öskjuhlíð fram að lokun tímabils. Um er að ræða æfingar og keppni.

Ekki er búið að ganga frá Egilshöll svo lítið er um það að segja.

Fundur með menntamálaráðherra

Sérsamböndin fóru á fund ráðherra til að kynna honum stöðu sérsambanda. ÞMP fór fyrir hönd KLÍ og var fundurinn ágætur með tillit til upplýsingagjafa. Ekkert sérstakt svo sem sem kom úr honum en ágætur fundur engu að síður.

Fundi slitið kl. 19:30